



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á 100 ára afmæli Sögufélagsins  
7. mars 2002**

Heiðruðu afmælisgestir

Þegar við fögnum aldarafmæli Sögufélagsins er vert að veita því athygli að virðuleg þrenning skipar sérstakan sess í félagafloðu landsins. Hið íslenska bókmenntafélag, Hið íslenska biblíufélag og Sögufélagið hafa öll náð háum aldri þótt afmælisbarnið sé sannarlega mun yngra en hin tvö. Merkileg tilvísun felst í því að félög helguð bókmenntum, trúarlífi og sögu skulu hafa náð svo traustri fótfestu með þjóðinni. Viðfangsefni þeirra og útgáfur hafa átt slíkan hljómgrunn að jafnan hefur tekist að halda siglingu áfram þótt fjárskortur og aðrir erfiðleikar hafi stundum hamlað för.

Í rauninni er sagan svo samgróin okkur Íslendingum að sjálfsvitund okkar, menning og framþróun öll eru ofin sterkum þráðum úr reynslusjóði fortíðarinnar. Við fræðum sérhverja nýja kynslóð með frásögnum um upphaf Íslandsbyggðar og það góða fólk sem hér nam land verður okkur svo nákomið að helst má líkja við ættingja eða góða granna. Sjálfstæðisbaráttan var byggð á ítarlegum tilvísunum til fornrar sögu og með auknum rétti, heimastjórn og fullveldislögum fengu heimildir um Alþingi, dómsstóla, stjórnarfar og landshagi aukið gildi.

Sögufélagið var spröttið úr þessum jarðvegi og starfsemi félagsins fyrstu áratugina bar ríkulegt svipmót umbrotanna sem þá settu svip á þjóðlíf allt. Fámenn og fátæk þjóð var önnum kafin við að réttlæta tilveru sína, leggja grundvöll að bættum hag og styrkja þannig kröfuna um fullgildan og sjálfstæðan sess í samfélagi þjóðanna.

Framlag Sögufélagsins á þessum tíma myndi nægja til að veita því varanlegan virðingarsess en það er til marks um hæfni félagsins til að laga sig að nýjum straumum að á undanförunum áratugum hefur útgáfustarfsemi þess orðið vettvangur fyrir breyttar áherslur og nýsköpun

í efnistöfum sem gefið hafa sagnfræðirannsóknunum nýtt gildi í þjóðfélagssumræðu og fræðasamfélagi okkar Íslendinga.

Þegar ég var að vinna við rannsóknir mínar á íslensku stjórnkerfi og safna efni til doktorsritgerðar fyrir rúmum þrjátíu árum og hóf svo kennslu í þjóðfélagsfræðum við Háskólann árið 1970 var því miður fátta að sækja til sagnfræðinnar til að öðlast skilning og fræðslu um þróun íslensks þjóðfélags, stjórn mála, atvinnulífs, menningar og félagsgerðar frá upphafi nítjándu aldar til samtímans. Blöð og tímarit, Alþingistíðindi og fáein yfirlitsrit um Alþingi og Stjórnarráðið voru það helsta sem í boði var. Ég varð að verja rúmu ári til að lesa mig í gegnum frumheimildir, einfaldlega til að öðlast yfirlit yfir þjóðarsöguna á þessum tíma, frá endurreisn Alþingis til okkar daga. Svo mikill var burðurinn af blöðum og árgöngum málgagna og tímarita að hinn ágæti landsbókavörður kvartaði yfir því við mig að þetta væru allt of miklar og erfiðar annir fyrir safnverðina.

Það lýsir vel framþróuninni sem orðið hefur í íslenskri sagnfræði á nýliðnum áratugum að ungur námsmaður sem ætlaði sér að kanna ákveðna kafla í þjóðarsögu síðustu tveggja alda og varpa ljósi á höfuðeinkenni í nútímavæðingu Íslendinga á þess nú kost að leita í smiðju fjölmargra sagnfræðinga sem helgað hafa sig rannsóknunum á hinum miklu umbrotum sem einkennt hafa sögu þjóðarinnar frá árdögum sjálfstæðisbaráttunnar til alþjóðavæðingar á okkar tímum. Við fögnum nú á hverju ári nýjum ritverkum, bókum og ritgerðum, greinum og erindum sem veita okkur nýja sýn á okkur sjálf, breytingar, gerjun og átök sem skapað hafa Íslendingum örlög á nýliðnum öldum.

Rannsóknir á sögu nítjándu og tuttugustu aldar eru orðnar ríkur þáttur í viðfangsefnum íslenskra sagnfræðinga, ritverk eru helguð afmörkuðum þáttum, sögu einstakra atvinnugreina eða byggðarlaga, og ævisögur merkra manna hafa líka tekið stakkaskiptum. Sá lofsöngur um æviverkið sem áður var aðal slíkra verka hefur vikið fyrir markvissri skoðun þar sem mistök, breyskleiki, ósigrar og áföll fá þann sess í túlkun sem nauðsynlegt er svo hægt sé að veita raunsanna heildarmynd.

Sögufélagið hefur verið vettvangur þessarar fræðilegu gerjunar, bæði með útgáfu tímarita sem orðið hafa helsti vettvangur ritsmíða og rannsókna íslenskra sagnfræðinga og einnig með því að tengja saman áhuga almennings og viðfangsefni fræðimanna.

Það er ánægjulegur vitnisburður um frjóan akur Sögufélagsins að í upphafi 21. aldar hefur þjóðin áfram víðtækan og lifandi áhuga á nýjum rannsóknunum og ritverkum um íslenska sögu. Um nýliðna jólahátíð voru merk rit á þessu sviði meðal helstu metsölubóka, ég nefni sem dæmi ævisögu Bjargar Þorláksson og fræðirit um utanríkismál og

stjórnmaladeilur á tímum viðreisnar og vinstri stjórna. Ritverk um sögu Reykjavíkur og um íslenska húsagerð hafa einnig á síðustu árum verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og safnrit í anda aldarlýsinga á fyrri tímum en helguð nýliðinni öld hafa verið meðal veglegri útgáfuverka. Mikil aðsókn er að fyrirlestrum sem helgaðir eru sagnfræðilegri greiningu á þjóðernisvitund Íslendinga. Og þannig mætti lengi telja.

Sögufélagið getur því heilsað nýrri öld með hjartsýni og sóknarhug, horft stolt yfir farinn veg og treyst því að enn er beðið með eftirvæntingu eftir nýjum tíðindum frá starfsvettvangi félagsins.

Sagnfræðingar eiga vissulega kost á fjölbreyttum viðfangsefnum á komandi árum og víða er brýn þörf á ítarlegum rannsóknum og greiningu. Við þurfum viðamiklar kannanir á þróun stjórnmalaflokkanna í landinu, ítökum þeirra og áhrifum á atvinnulíf, fjármalastofnanir, dómstóla og stjórnsýslu. Okkur skortir tilfínnanlega rannsóknir á helstu fyrirtækjum landsins, uppruna þeirra, vexti, umsvifum á landsvísu og heima í héruðum, samspili auðs og valda í stjórnkerfi landsins. Við gætum öðlast nýja sýn á menningu okkar og listalíf með nákvæmri greiningu á sögu menningarstofnanna, ákvörðunum stjórnenda þeirra og samskiptum við samtök listamanna. Við eigum að sækjast eftir hispurslausri umfjöllun um þróun ráðherradóms og eðli hans bæði innan ráðuneyta og í stjórnkerfi, skoða sögulega þróun Hæstaréttar og veita forsetaembættinu þá sagnfræðilegu umfjöllun sem það svo sannarlega verðskuldar og mundi leiða ýmislegt óvænt í ljós.

Já. Mörg eru verkefni sem bíða og ég veit að innan Sögufélagsins eru margir sem á komandi árum munu taka myndarlega til hendinni á þessum akri.

Ég óska Sögufélaginu til hamingju á þessum tímamótum og færi félaginu þakkir þjóðarinnar fyrir að hafa auðgað skilning okkar á vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur svo vitnað sé til formálsorða Sigurðar Nordal að hinu merka ritverki hans um íslenska menningu.

Sagnfræðingar á okkar tíð myndu efalaust velja aðra áherslupætti en Sigurður kaus á upphafsárum lýðveldistímans en það er einmitt kostur þess að búa við lifandi og frjóa fræðigreina að hún er sífellt að færa okkur nýja ögrun. Megi Sögufélagið áfram rækta þá nýsköpun sem á hverjum tíma hefur tengt saman arfleifð og ferska sýn. Á þann hátt verður sagnfræðin að frjóum akri sem færir okkur til fróðleiks og gagns, skemmtunar og umræðuvaka nýja uppskeru á hverju ári.